

Vorskóli

Í Vogaskóla tökum við á móti verðandi 1. bekkingum á vorönn. Í febrúar byrja börn frá leikskólunum Holtaborg, Steinahlíð og Sunnuborg að koma til okkar í heimsókn. Við bjóðum 4 - 5 manna hópum, ásamt leikskólakennara, að koma til okkar og sitja eina kennslustund í 1. bekk. Börnin fá létt verkefni sem þau vinna í kennslustundinni. Einnig er þeim boðið að fara með 1. bekk út í frímínútur. Deildarstjóri yngsta stigs hefur samband við starfsfólk leikskólanna og í sameiningu er fundinn tími sem hentar bæði skóla og leikskóla.

Í maí er svo börnum sem eiga skólasókn í Vogaskóla boðið að koma ásamt foreldrum sínum á kynningu í skólanum. Þá taka kennarar á móti börnunum, vinna með þeim verkefni, segja þeim stuttlega frá skólanum og sýna þeim skólahúsnæðið. Á meðan fá foreldrar kynningu frá skólastjóra, þar sem farið er í gegnum stefnu og kennsluhætti Vogaskóla ásamt því að sýna foreldrum húsnæðið. Öll börn sem eiga skólasókn í Vogaskóla fá bréf um þessa kynningu.